



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

3. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2019, MIÐVIKUDAGINN 25. SEPT. KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum

Tveir nemendur sækja um mat á íþróttum – vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Önnur bréf:

Undanþága tveggja nemenda frá dönsku til stúdentsprófs staðfest af skólameistara.

Beiðni nemanda um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs hafnað.

Beiðni nemanda um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs hafnað.

Nemandi sækir um stöðupróf í þýsku – samþykkt

Einn nemandi segir sig frá námi.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Fulltrúar NFFG voru eki á fundinum og því lítið rætt um félagslíf nemenda.

3. Önnur mál

Endurskoðun á prófreglum samþykkt. Fundarmenn ræddu og lýstu áhyggjum sínum af fjarveru nemenda frá skóla vegna lengri ferða.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari